



Félag framhaldsskólakennara  
b.t. Guðríðar Arnardóttur, formanns  
Laufásvegi 81  
101 Reykjavík

Reykjavík, 14. desember 2015.

## Málefni Vísindasjóðs Félags framhaldsskólakennara (FF) og Félags stjórnenda í framhaldsskólum (FS).

Að beiðni þinni hef ég tekið saman eftirfarandi lögfræðilegt álit mitt á því hvort heimilt sé að halda aukaaðalfund í FF, þar sem málefni Vísindasjóðs verði rædd sérstaklega og hvort sá fundur hafi sömu heimildir til ákvarðanatöku varðandi þau málefni og reglulegir aðalfundir.

### 1. Reglur um Vísindasjóð.

Kennarasamband Íslands, KÍ, er stéttarfélag í skilningi laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og laga nr. 80/1938. Um starfsemi þess fer samkvæmt lögum sem stéttarfélagið hefur sett sér. Innan KÍ eru nokkur aðildarfélög, meðal annarra FF og FS. Þessi aðildarfélög gera kjarasamninga fyrir félagsmenn sína í krafti umboða frá KÍ.

Í lögum KÍ er svohljóðandi ákvæði í lokamálslið 2. mgr. 4. gr. segir: „Um aðild að vísinda/endurmenntunarsjóði fer eftir kjarasamningsaðild”.

Í lögum FF eru ákvæði er lúta að Vísindasjóði í 8., 10., 22. og 23. grein. Í 8. gr. segir að á dagskrá aðalfundar skuli vera að kjósa tvo fulltrúa og einn til vara í stjórn Vísindasjóðs. Í 10. gr. eru ákvæði um fulltrúafund sem skuli halda þau ár sem aðalfundur er ekki haldinn. Talin eru upp verkefni fundarins og meðal þeirra er að „gefild er yfirlit yfir fjárhagsstöðu félagsins og Vísindasjóðs FF og FS”. Þá hefur slíkur fulltrúafundur vald til að kjósa fulltrúa í stjórn Vísindasjóðs ef upp á vantar. Í 22. gr. er svohljóðandi ákvæði:

#### *Stjórn Vísindasjóðs*

*Á aðalfundi félagsins skal kjósa tvo fulltrúa í stjórn Vísindasjóðs og einn til vara skv. lögum félagsins.*

*Vísindasjóður er sameiginlegur sjóður félagsmanna Félags framhaldsskólakennara og félagsmanna Félags stjórnenda í framhaldsskólum og er tilgangur hans að stuðla að símenntun þeirra.*

*Fjárframlög til sjóðsins eru kjarasamningsbundin iðgjöld vinnuveitenda af launum félagsmanna.*

*Hlutverk sjóðsstjórnar er að hafa umsjón með fjármunum sjóðsins, setja sjóðnum úthlutunarreglur, endurskoða þær og afgreiða styrki til félagsmanna skv. þeim úthlutunarreglum sem gilda hverju sinni.*



*Sjóðsstjórn setur nánari verklagsreglur fyrir starfsemi sjóðsins í samstarfi við stjórnir FF og FS. Verklagsreglum sjóðsins er einungis hægt að breyta að fenginni staðfestingu stjórnna FF og FS.*

Ákvæði í lögum FS um Vísindasjóðinn eru fátæklegri, en hugsunin að baki þeim virðist vera sú sama og er að baki lögum FF.

Mér hafa verið kynntar reglur Vísindasjóðs FF og FS í 13 töluliðum, er samþykktar voru á sameiginlegum fundi stjórnna FF, FS og Vísindasjóðs í Kennarahúsinu þann 14. mars 2011.

Fjárhagslegur grundvöllur Vísindasjóðs eru kjarasamningar KÍ, þ.e.a.s. í þeim er kveðið á um skyldu launagreiðenda til að greiða framlög í Vísindasjóð, en úr sjóðnum skuli úthluta til félagsmanna styrkjum samkvæmt nánari reglum er aðilar hafa sett.

## **2. Lagalega staða Vísindasjóðs.**

Í 2. mgr. 22. gr. laga FF segir að hann sé „*sameiginlegur sjóður félagsmanna FF og FS*“.

Einhver kynni að túlka framangreint ákvæði öðruvísi, þ.e. að sjóðurinn sé í sameign félagsmanna aðildarfélaganna. Svo er ekki. Almennar reglur eignaréttar um sameign gilda ekki um þennan sjóð, hver og einn félagsmaður telst ekki eiga eignarhlut í sjóðnum í eignaréttarlegum skilningi. Ákvæðið er ekki orðað með þeim hætti að hver og einn félagsmaður eigi hlut í sameign, heldur er gert ráð fyrir úthlutunarreglum sem gildi um útborganir.

Ég lít svo á að í ákvæðinu felist að um sé að ræða sjóð með sérgreindan fjárhag. Í öðru ákvæði laganna kemur fram að hann skuli lúta sjálfstæðri stjórn, sbr. reifun í fyrsta kafla þessa álits. Æðsta vald í málefnum sjóðsins er eftir sem áður hjá aðildarfélagunum FF og FS. Þetta verður ráðið meðal annars af eftirfarandi atriðum:

- Aðalfundir félaganna kjósa sjóðnum stjórn.
- Sjóðurinn er grundvallaður á lögum aðildarfélaganna. Aðildarfélögin ein geta breytt eigin lögum, sbr. nánari ákvæði þar um í lögum félaganna.
- Sjóðurinn fær tekjur sínar á grundvelli kjarasamninga aðildarfélaganna.

Af framangreindu leiðir að aðildarfélögin geta breytt lagaákvæðum er gilda um sjóðinn, en þar undir fellur m.a. hvernig stjórnskipulagi hans, stöðu og reglusetningu skuli vera háttað.

## **3. Um kosningu stjórnarmanna í Vísindasjóði.**

Samkvæmt 1. mgr. 22. gr. laga FF skal kjósa tvo fulltrúa í stjórn Vísindasjóðs á aðalfundi og einn til vara, sjá einnig 9. tölulið 8. gr. laganna.



Í 1. mgr. 7. gr. segir að aðalfundur FF skuli haldinn þriðja hvert ár. Hann hafi æðsta vald í málefnum félagsins, með takmörkun er leiðir af 24. gr. laganna, en hún á ekki við um atriðið sem hér er til skoðunar. Í 2. mgr. 7. gr. eru ákvæði um atkvæðisrétt fulltrúa á aðalfundi.

Í 11. gr. eru ákvæði um almenna félagsfundi. Segir að stjórn félagsins geti boðað til almennra félagsfunda. Skytt sé að boða tafarlaust til almenns fundar ef 10% félagsmanna eða fleiri krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni.

Á almennum félagsfundi geti allir félagsmenn mætt og hafi eftir atvikum atkvæðisrétt. Formlegt vægi ákvarðana á slíkum fundi er þó takmarkað ef nokkurt, þar sem aðalfundur fer með æðsta vald í félaginu og á milli funda fari stjórn með það vald, sbr. áðurnefnda 1. mgr. 11. gr. og 13. gr.

Í lögum FF eru ekki sérstök ákvæði um aukaaðalfundi. Ég tel þó tvímælalaust að heimilt sé að halda aukaaðalfund milli reglulegra aðalfunda. Leiðir þetta af því að aðalfundur fer með æðsta vald í félaginu. Eðli máls samkvæmt verður að vera unnt að kalla samkundu, sem fer með æðsta valdið, saman oftast ef þurfa þykir.

Í 13. gr. laga FF segir að stjórn FF fari með æðsta vald í málefnum félagsins á milli aðalfunda. Í því felst að hún hefur vald til þess að boða til aukaaðalfundar til að fjalla um málefni er heyra undir aðalfund. Reglur um aðalfund eiga við um aukaaðalfund eins og við geta átt, svo sem um boðunarhátt og fyrirvara, atkvæðisrétt og fyrir hverjum fundurinn er opinn.

Á aukaaðalfundi er unnt að efna til kosninga um sjóðsstjórn og/eða bera tillögur og ályktanir undir fundinn sem hafa sama vægi og ef um reglulegan aðalfund væri að ræða, enda hafi viðkomandi fundarefni verið tilgreint í dagskrá.

Sambærileg staða að þessu leyti kemur oft og iðulega upp í annars konar félögum, t. d. hlutafélögum. Þó svo að aðalfundur í hlutafélagi hafi kosið sér stjórn til eins árs í senn, eins og hlutafélagalögin gera ráð fyrir, þá er unnt að halda aukafund innan ársins og ákveða að fella umboð stjórnarmanna úr gildi og kjósa hlutafélaginu nýja stjórn í stað þeirrar sem áður hefur verið kjörin á aðalfundi. Þetta leiðir af eðli máls og meginreglum félagaréttar, en í hlutafélagalögunum eru reglur um þetta nánar útfærðar.

#### 4. Annað.

Ég tek fram að ég sinni lögmennsku fyrir KÍ og aðildarfélög KÍ. Rekið er dómssmál milli Vísindasjóðs og KÍ, sem Vísindasjóður höfðaði fyrir allöngu síðan. Ég flyt málið fyrir hönd KÍ.

Virðingarfyllst,

Gísli Guðni Hall, hrl